

Fundargerð 453

Þriðjudaginn 5. september 2017 kl. 14:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Háskólanum á Akureyri. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn Illugi Gunnarsson stjórnarformaður, Ingunn Guðmundsdóttir, Karl Björnsson, Rakel Óskarsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl 14:00

1. Greining á stöðu kinda- og lambakjötsframleiðslu að beiðni samgöngu- og sveitastjórnarráðherra

Formaður setti fundinn og fór yfir helstu atriði í bréfi ráðherra til Byggðastofnunar um vanda sauðfjárræktar á Íslandi.

Drög að svari við þessu bréfi voru yfirfarin og breytingatillögur gerðar sem samþykktar voru í meginatriðum. Stjórnarformanni og forstjóra var í framhaldinu falið að hreinskrifa svarbréfið ú frá umræðum á fundinum og senda á stjórnarmenn til lokayfirlestrar og endanlegs samþykkis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:47

Arnar Már Elíasson, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____